


# FYRTUR og KADRILJ rafknúnar rúllugardínur

Upplýsingar um ábyrgðir



# 5

Með rafknúnum rúllugardínunum getur þú stýrt birtustiginu frá rúminu, eða hvar sem er! Með meðfylgjandi fjarstýringu eða IKEA TRÅDFRI appinu getur þú stýrt nokkrum þráðlausum rúllugardínum samtímis eða hverja fyrir sig. Þær voru hannaðar með gæði og virkni í fyrirrúmi og því getum við boðið upp á 5 ára ábyrgð á þeim. Það þýðir að miðað við almenna heimilisnotkun og að því gefnu að öllum leiðbeiningum varðandi umhirðu sé fylgt, eiga þær að virka sem nýjar. Ábyrgðin nær yfir galla í virkni og efni samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.



### Hvað gildir ábyrgðin lengi?

Ábyrgðin á KADRILJ og FYRTUR þráðlausum og rafhlöðudrifnum rúllugardínum gildir í 5 ár frá kaupdegi. Framvísa þarf upphaflegri kvittun sem staðfestingu á kaupum.

### Hvaða vörur falla undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær yfir virkni gardínanna. Það þýðir að miðað við almenna heimilisnotkun og að því gefnu að öllum leiðbeiningum um umhirðu sé fylgt, eiga rúllugardínurnar að virka sem nýjar, jafnvel eftir 5 ára notkun. Í þessu tilfelli er almenn heimilisnotkun skilgreind þannig að gardínurnar séu dregnar upp og niður einu sinni á dag.

### Ábyrgðin nær yfir:

Allan rafbúnað fyrir utan rafhlöður.



**FYRTUR** myrkvunarrúllugardína,  
þráðlaust/gengur fyrir rafhlöðum, grátt



**KADRILJ** rúllugardína, þráðlaust/  
gengur fyrir rafhlöðum, grátt

### **Hvaða vörur falla ekki undir þessa ábyrgð?**

Rafhlöðurnar sem fylgja með falla ekki undir ábyrgðina.

### **Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?**

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð viðeigandi sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er viðeigandi og sambærileg vara.

### **Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?**

Ábyrgðin nær ekki yfir útlitsbreytingar á rúllugardínunum nema þær hafi veruleg áhrif á virkni þeirra.

Ábyrgðin gildir ekki um vöru sem hefur verið geymd eða notuð á rangan hátt. Einnig vöru sem hefur verið meðhöndluð illa eða á rangan hátt, hefur verið breytt eða þrífín með röngum efnum.

Eðlileg slit vegna almennrar notkunar, rispúr eða skemmdir vegna höggs eða óhapps falla ekki undir ábyrgðina.

Ábyrgðin gildir ekki ef vara hefur verið geymd utandyra eða þar sem er raki.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

### **Umhirðuleiðbeiningar**

Má ekki þvo.

Má ekki setja í klór.

Má ekki setja í þurrkara.

Má ekki strauja.

Má ekki þurrhreinsa.

### **Almenn réttindi**

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

### **Hafðu samband**

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband. Við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

## **Geymdu kvittunina**

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða þú ert ekki ánægð/ur, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

